

A close-up photograph of dark, frost-covered branches, likely from a tree or shrub, set against a soft, out-of-focus background. The frost is thick and white, coating the leaves and stems. The image is split vertically: the left half is overlaid with a semi-transparent blue filter, and the right half is the original photograph.

Ytra mat á
grunnskólastarfi
Ársskýrsla 2021

**Ytra mat á grunnskólastarfi.
Ársskýrsla 2021**

ISBN 978-9979-0-2680-8

©2022 Gunnhildur Harðardóttir

Öll réttindi áskilin

1. útgáfa 2022 rafræn

Menntamálastofnun

Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Mat á grunnskólum 2021.	5
Samanteknar niðurstöður fyrir grunnskóla sem metnir voru 2021	7
Matsþættir.	9
Stjórnun og fagleg forysta	9
Nám og kennsla	10
Innra mat	11
Samantekt	12

Inngangur

Árið 2021 vann Menntamálastofnum ytra mat á 21 grunnskóla og lauk þar með fyrsta mats- hring grunnskóla á landinu en Reykjavíkurborg hefur séð um mat á sínum skólum. Mennta- málastofnun sér um matið fyrir hönd mennta- og barnamálaráðuneytis. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir hlut sveitarfélaganna af kostnaði við mat á grunnskólunum. Öll umsjón og ábyrgð á ytra mati grunnskóla er hjá Menntamálastofnun.

Þungamiðja matsins eru þrjú matsþættir; *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla, og innra mat* en þessir þættir hafa mikil áhrif á gæði skólastarfs þar sem megináhersla er á nám og árangur nemenda. Skólar geta óskað eftir fjórða matsþætti.

Markmið mats og eftirlits með gæðum starfs í grunnskólum er samkvæmt 35. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008 að:

- veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,
- tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,
- auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á sam- kvæmt lögum.

Með ytra mati er leitast við að vinna að öllum þessum markmiðum og sérstök áhersla er lögð á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla, styðja stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi, hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti og vera hvati til frekari skólaþróunar.

Meginstef ytra mats er að það sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betri skóla. Leiðarljósið er ávallt nemandinn, réttur hans og þarfir.

Í þessari skýrslu eru lykiltölur grunnskóla sem voru metnir árið 2021 teknar saman og meðal annars bornar saman við heildarniðurstöður allra metinna grunnskóla frá 2013–2020. Niður- stöðurnar gefa góðar vísbendingar um með hvaða hætti skólastarfi er háttað í skólum sem metnir hafa verið. Skýrslur þeirra skóla sem hafa farið í gegnum ytra mat er að finna á heima- síðu Menntamálastofnunar: <https://mms.is/>

Áhrifa vegna Covid-19 gætti ekki þegar ytra matið var unnið að neinu öðru leyti en því að hnika varð til áður skipulögðum tímasetningar á matinu. Þá báru matsaðilar andlitsgrímur í matinu og rýnihópaviðtöl við foreldra og skólaráð voru í einhverjum tilvikum tekin í fjarfundabúnaði vegna reglna um takmarkanir á aðkomu utanaðkomandi aðila inn í skólana.

Mat á grunnskólum 2021

Árið 2021 var ytra mat á grunnskólunum unnið af sjö matsaðilum sem voru verktakar við Menntamálastofnun auk tveggja starfsmanna stofnunarinnar. Að jafnaði meta tveir matsaðilar hvern skóla en þegar nemendafjöldi skólanna er mikill fer þriðji matsaðili með í kennslustundaathuganir. Þá getur þriðji matsaðili verið kallaður til vegna fjórða matþáttar sem er valkvæður. Matsaðilar lúta ýmsum kröfum og skilyrðum svo tryggt sé að matið verði faglegt, áreiðanlegt og réttmætt. Samráðsfundir allra matsaðila eru að minnsta kosti tveir á ári þar sem farið er yfir verklag og framkvæmd matsins og álitamál rædd.

Matsferill hvers skóla tekur um það bil 12 vikur. Matsaðilar hafa samband við skólann bæði til að veita og afla upplýsinga og gagna og eru á vettvangi í skólanum í tvo til fimm daga eftir stærð skólans. Innan fjögurra vikna frá vettvangsheimsókn fær skólinn og sveitarfélagið drög að skýrslunni til yfirlstrar og geta gert athugasemdir við rangfærslur. Tveimur vikum síðar er haldinn skilafundur með skólanum þar sem farið er yfir niðurstöður matsins. Skýrslan er send skóla og sveitarstjórn auk þess sem hún er gerð opinber öðrum hagsmunaaðilum með því að birta hana á heimasíðu Menntamálastofnunar. Sveitarstjórn ásamt skólastjóra bera ábyrgð á gerð umbótaáætlunar í kjölfar matsins og eru áætlanirnar einnig birtar á heimasíðu Menntamálastofnunar.



Mynd 1. Matsferill vegna ytra mats og umbótaáætlunar.

Skólarnir sem metnir voru á árinu 2021 eru fjölbreytilegir bæði að stærð og gerð. Fjöldi nemenda var frá 12 í minnsta skólanum upp í 578 í þeim stærsta og eru skólarnir staðsettir víða um land. Af 21 skóla sem voru metnir eru 14 staðsettir utan höfuðborgarsvæðisins. Kennsla fer ýmist fram í samkenndu, eftir árgöngum eða í bekkjum.

Tafla 1 sýnir skólana 21 sem metnir voru árið 2021 ásamt nemendafjölda.

Tafla 1. Grunnskólar metnir árið 2021.





Vorönn	Nemendafjöldi	Haustönn	Nemendafjöldi
Arnarskóli	29	Árskóli	367
Fellaskóli Múlapingi	94	Gerðaskóli Garði	244
Grunnskóli Seltjarnarness	578	Grunnskólinn Ísafirði	379
Grunnskólinn í Stykkishólmi	154	Grunnskóli Vestmannaeyja	539
Grunnskólinn á Þórshöfn	65	Krikaskóli	96
Grunnskólinn í Borgarnesi	311	Skarðshlíðarskóli	317
Hofsstaðaskóli	575	Súðavíkurskóli	12
Sandgerðisskóli	272	Urriðaholtsskóli	149
Setbergsskóli	429	Varmahlíðarskóli	102
Valsárskóli	49		
Víkurskóli Vík	61		
Þelamerkurskóli	68		

Samanteknar niðurstöður fyrir grunnskóla sem metnir voru 2021

Við mat á grunnskólunum liggja fyrir matslistar með viðmiðum og vísbendingum um gæði. Matsaðilar fylla listana út og meta skólana út frá gögnum og vettvangsathugunum. Með þeim hætti má sjá hvar styrkleikar skóla liggja og hvaða þættir þarfnast umbóta.

Eins og fyrr segir er lagt mat á þrjá matsþætti það er stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Matsþættirnir þrjú innihalda viðmið og fyrir hvert viðmið hafa verið skilgreindar vísbendingar um gæði sem ætlað er að styðja matsaðila í athugun sinni á skólastarfinu. Matsaðilar nota matslista þar sem hver vísbending er metin á fjögurra punkta kvarða og byggir matið á gögnum frá skólanum, viðtölum, könnunum og vettvangsathugunum. Með þeim hætti má sjá hvar styrkleikar skóla liggja og hvaða þættir þarfnast umbóta. Meðaltal stiga á hverju viðmiði er reiknað út og niðurstöður settar fram á myndrænan hátt með litum. Mynd 2 sýnir hvaða stigafjöldi liggur að baki hverjum lit viðmiða og hvernig hann er túlkaður.

Ytra mat á grunnskólum er ekki samanburðarhæft á milli skóla þar sem vísbendingar hvers matsþáttar eru margar og hafa mismikið vægi.

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Mynd 2. Heildarstig undirkafla.

Í töflu 2 má sjá heildarmeðaltöl matsþátta skólanna 21 sem metnir voru 2021 auk meðaltals skólanna 13 sem metnir voru árið 2020.

Hjá þeim skólum sem metnir voru árið 2021 var matsþátturinn stjórnun og fagleg forysta með meðaltalið 3,0. Tvö viðmið voru undir 3,0 og snúa annars vegar að tengslum við foreldra og aðra í skólasamfélaginu og hins vegar að vinnulagi, verklagsreglum og áætlunum.

Matsþátturinn nám og kennsla var með heildareinkunnina 2.8 og voru öll viðmið nema það sem snýr að skipulagi náms undir 3.0.

Heildarniðurstaða úr matsþættinum innra mat var 2,7 og þar var viðmiðið sem snýr að umbótum í kjölfar innra mats það lægsta.

Þegar meðaltal metinna matsþátta árin 2020 og 2021 er borið saman má sjá að heildareinkunn stjórnunnar og forystu er sú sama bæði árin. Heildareinkunn matsþáttarins nám og kennsla breytist lítillega á milli ára en mat á viðmiðum hefur ýmist staðið í stað eða hækkað. Heildareinkunn matsþáttarins innra mats hefur hækkað milli ára og hefur hækkun orðið á öllum viðmiðum.

Tafla 2. Meðaltal viðmiða metinna skóla árið 2020 og 2021.

		Meðaltal 2021 21 skóli	Meðaltal 2020 13 skólar
	Stjórnun og fagleg forysta – heildareinkunn	3,0	3,0
	Samvirkni í stefnumótun	3,0	3,1
	Faglegt samstarf og samræða	3,2	3,2
	Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	2,9	2,9
	Umbætur og innleiðing breytinga	3,0	2,8
	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	2,9	2,9
	Starfsmannastjórnun og verkaskipting	3,0	3,0
	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	3,2	3,1
	Nám og kennsla – heildareinkunn	2,8	2,7
	Inntak og námskrá	2,9	2,8
	Árangur náms	2,8	2,8
	Gæði kennslu	2,9	2,7
	Skipulag náms	3,1	2,8
	Námsvitund	2,6	2,5
	Ábyrgð og þátttaka	2,8	2,8
	Innra mat	2,7	2,4
	Skipulag	2,8	2,5
	Framkvæmd	2,9	2,4
	Umbætur	2,6	2,4

Samtala allra skólanna segir ekki mikið til um hvað það er sem helst þarf að bæta en þegar viðmið og vísbendingar sem mynda hvern matsþátt eru skoðaðar koma fram upplýsingar sem hægt er að nýta til að greina hvað þarf að hafa í huga við skipulag heildarumbóta í skólastarfi. Þessar upplýsingar geta nýst við stefnumótun skólastarfs og skipulag starfsþróunar. Hafa verður í huga hversu fjölbreyttir skólarnir eru eins og fram kemur í töflu 1.

Matsþættir

Stjórnun og fagleg forysta

Eins og fyrr segir felur matsþátturinn stjórnun og fagleg forysta í sér sjö viðmið: samvirkni í stefnumótun, faglegt samstarf og samræðu, tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu, umbætur og innleiðingu breytinga, vinnulag, verklagsreglur og áætlanir. Vísbendingar eru 76.

Þegar litið er til heildarniðurstaðna úr matsþættinum stjórnun og forysta árið 2021 og þær bornar saman við niðurstöður vísbendinga á árinu 2020 hafa orðið litlar breytingar á heildarfyrirgjöf matsþátta milli ára.

Þegar litið er til niðurstaðna út frá vísbendingum heildarmatsins á stjórnun og forystu frá árinu 2021 má sjá að tæplega 92% af vísbendingunum sýna að jafnaði fram á mjög gott eða gott verklag en 8% þarfnast almennt umbóta eða sýna óviðunandi verklag (sjá töflu 2). Almennt eru það sömu vísbendingarnar þar sem skólarnir sýna mjög gott eða gott verklag og sömu vísbendingar þarfnast umbóta og/eða sýna óviðunandi verklag.

Þær vísbendingar sem sýna mjög gott verklag og samræmast fyllilega lýsingu á gæðastarfi hjá flestum eru eftirfarandi:

- Stjórnendur sækja sér reglulega endurmenntun sem eflir þá í starfi og sem faglega leiðtoga.
- Í daglegu tali og frétttaflutningi leggja stjórnendur áherslu á það jákvæða í skólastarfi.
- Lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.

Umbótaþörf kemur víða fram þegar heildarniðurstöður stjórnunar og faglegrar forystu eru skoðaðar. Eftirfarandi eru þættir sem gefa vísbendingar og uppfylla viðmið um gæðastarf að mörgu leyti en möguleikar á umbótum og þættir sem þarfnast úrbóta og/eða sýna óviðunandi verklag.

- Stjórnendur fylgjast reglulega með námi og kennslu og veita endurgjöf.
- Verkefni og ábyrgðaraðilar þeirra eru skráðir og allir upplýstir þar um.
- Samráð er haft við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun.
- Hagsmunaaðilar skólasamfélagsins (fulltrúar nemenda, foreldra, starfsmanna) koma að endurskoðun skólareglna.
- Litið er á foreldra sem mikilvæga þátttakendur í ákvarðanatöku um þróun og skipulag skólastarfs.
- Nemendum er kynnt hvar þeirra fulltrúar taka þátt og hverjir þeir eru.
- Foreldrum er markvisst kynnt stoðþjónusta skólans og sveitarfélagsins.

Nám og kennsla

Í matsþættinum nám og kennsla eru sex viðmið: inntak og námskrá, árangur náms, gæði kennslu, skipulag náms, námsvitund og ábyrgð og þátttaka. Vísbendingar eru 68.

Þegar heildarniðurstöður á námi og kennslu ársins 2021 eru skoðaðar og bornar saman við heildarniðurstöður ársins 2020 hafa orðið breytingar á heildarfyrirgjöf matsþátta milli ára þar sem um hækkingu er að ræða. Vísbendingar innan viðmiða ýmist hækka eða standa í stað (sjá töflu 2).

Samkvæmt niðurstöðum fyrir árið 2021 var að jafnaði mjög gott eða gott verklag í tæplega 78% metinna vísbendinga en rúmlega 22% þarfnast almennt umbóta.

Þær vísbendingar sem sýna mjög gott verklag og samræmast fyllilega lýsingu á gæðastarfi hjá flestum skólum eru eftirfarandi:

- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu.
- Nemendur vinna að hluta til að samþættum og heildstæðum verkefnum.

Umbótaþörf kemur víða fram þegar heildarniðurstöður náms og kennslu eru skoðaðar. Eftirfarandi eru þættir sem gefa vísbendingar og uppfylla viðmið um gæðastarf að mörgu leyti en möguleikar á umbótum og þættir sem þarfnast úrbóta og/eða sýna óviðunandi verklag.

- Viðmið um árangur sem tengjast námsgreinum og lykilhæfni eru skráð og öllum aðgengileg.
- Nemendum er gerð grein fyrir markmiðum kennslustunda og verkefna.
- Nemendur taka þátt í að setja sér markmið í námi.
- Nemendum eru ljós markmið og viðmið um árangur sem birt er í námsvísunum.
- Sett er fram stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda.
- Fram komi í námsvísunum og áætlunum um kennslu hvernig námsaðlögun er háttáð í hverri námsgrein eða viðfangsefni.
- Í kennsluáætlunum sést hvernig tilhögun námsaðlögunar er háttáð.
- Í kennsluáætlunum kennara sést að kennsla tekur mið af mati á stöðu nemenda.
- Umræður og skoðanaskipti eru markvisst notuð sem hluti af námi og kennslu.
- Nemendur hafi tækifæri til samvinnu um skipulag náms og skólastarfs.
- Til er skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflagð.
- Nemendur fá kennslu og þjálfun í að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að hafa áhrif.
- Nemendafulltrúar í skólaráði og á öðrum nefndum á vegum skólans fá til þess þjálfun.
- Séð er til þess að upplýsingar um umræður og ákvarðanir ráða eða nefnda, þar sem kjörnir fulltrúar nemenda sitja, séu öllum nemendum aðgengilegar.

Innra mat

Matsþátturinn innra mat felur í sér þrjú viðmið það er: skipulag, framkvæmd og umbætur. Vísbendingar eru 29.

Þegar heildarniðurstöður innra mats árið 2021 eru skoðaðar og bornar saman við niðurstöður ársins 2020 hafa öll viðmið hækkað á milli ára (sjá töflu 2). Almennt eru það sömu vísbendingarnar þar sem skólarnir sýna gott verklag en mikilvægir þættir þarfnast umbóta og/eða um óviðunandi verklag er að ræða.

Engar vísbendingar af þeim 29 sem metnar voru 2021 teljast vera með verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf þar sem verklag er mjög gott og flestir eða allir þættir eru sterkir.

Vísbendingar sem sýna gott verklag þar sem margir þættir eru í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum.

- Innra mat er álitid mikilvægt og sjálfsagður hluti af skólastarfinu.
- Í skólanámskrám er umfjöllun um helstu leiðir sem skólinn fer við að meta sitt innra starf.
- Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram með einhverjum hætti reglulega.

Umbótaþörf kemur víða fram þegar heildarniðurstöður innra mats eru skoðaðar. Eftirfarandi eru þættir sem gefa vísbendingar og uppfylla viðmið um gæðastarf að mörgu leyti en möguleikar á umbótum og þættir sem þarfnast úrbóta og/eða sýna óviðunandi verklag.

- Mat á kennslu og fagmennsku kennara fer fram með einhverjum hætti reglulega, svo sem með mati skólastjóra á kennslu, jafningjamati kennara og mati á nýjungum í kennsluháttum.
- Fyrir hvert markmið eru skilgreind viðmið um þann árangur sem stefnt er að.
- Teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila hefur umsjón með framkvæmd innra mats.
- Í greinargerð um innra mat er fjallað um að hve miklu leyti markmið skólans hafa náðst.
- Þegar niðurstöður mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur.
- Umbótaáætlun er í samræmi við niðurstöður og greiningu á styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Í umbótaáætlun eru tilgreindar markvissar aðgerðir þar sem markmið hafa ekki náðst út frá þeim viðmiðum sem sett voru.
- Umbótum er kerfisbundið fylgt eftir.
- Hagsmunaaðilar skólastarfsins geta haft áhrif á skipulag og framkvæmd innra mats (t.d. í gegnum fulltrúa í matsteymi eða aðkomu skólaráðs).

Samantekt

Gagnasöfnun vegna ytra mats á grunnskólum hefur staðið yfir frá árinu 2013 til ársins 2021. Gögnin varpa ákveðnu ljósi á þær aðstæður sem nemendum eru skapaðar til náms í kennslustundum á öllum stigum grunnskólans.

Ytra mat eins og það hefur verið framkvæmt frá árinu 2013 hefur áunnið sér sess hjá skólasamfélaginu sem mikilvægur og gagnlegur þáttur varðandi umbætur í skólastarfi. Mikil ánægja hefur komið fram með framkvæmd matsins frá aðilum skólasamfélagsins, bæði í könnunum og umfjöllun sem það hefur fengið.

Matsþátturinn sem snýr að faglegri forystu og stjórnun kemur einna best út úr ytra mati. Starfsfólk skólanna er almennt ánægt með leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks, verkaskiptingu, faglegt samstarf og samræðu. Fram kemur að grunnskólar eru í mismiklu sambandi við hagsmunaaðila varðandi þætti eins og stefnumótun, skipulag skólastarfs og gerð skólareglna.

Matsþátturinn nám og kennsla sýnir að almennt eru samskipti í skólastarfinu jákvæð og ein-kennast af virðingu. Margt bendir til þess að gera þurfi nemendum að virkari þátttakendum í eigin námi og nýta megi betur meginreglur kennslufræðikenninga eins og fram kemur í kafla-num um mat á námi og kennslu.

Innra mat í grunnskólum hefur styrkst en hefur ekki enn náð að festa sig í sessi hjá öllum skólum. Í ytra mati á skólunum má oftast sjá að innra matið er einungis unnið af stjórnendum og aðkoma starfsfólks, nemenda og annarra hagsmunaaðila er fremur lítil.



MENNTAMÁLASTOFNUN

2352